

## REGLUR

### um afhendingu benzíns til annarrar notkunar en bifreiðaaaksturs.

#### 1. gr.

Hver sá, er telur sig þurfa benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaaksturs, skal sækja um skammt til lögreglustjóra, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókn skal yera tvirituð á þar til gerð eyðublöð, er fást hjá lögreglustjóra.

#### 2. gr.

Lögreglustjóri skal áætla hæfilegan skammt og afhendir skömmunarhefti með miðum fyrir þeirri lítratölu, sem skömmtuð er hverri vél, eða til annarra þarfa. Fyrir hvert hefti skal greiða eina krónu. Í heftið skal skrá:

1. Fullt nafn og heimili eiganda báts eða vélar eða notanda benzíns til annarra þarfa.
2. Tegund vélar, hestorkutölu, áætlaða meðalnotkun vélar á klukkustund.
3. Til hvers vél er notuð, í bát, blöndunarvél, dráttarvél, loftþjöppu, veghefil o. s. frv., eða til hvers annarra þarfa benzíninu er úthlutað.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir. Hafi skammti verið úthlutað til vélar eða annarra þarfa áður en reglur þessar komu í gildi, skal rita í heftið hvenær og hve miklu benzíni er þegar úthlutað.

#### 3. gr.

Jafnaðarlega lætur lögreglustjóri ekki út í einu benzínskammt til vélar eða annarra þarfa, stærri en svo, að nægi þörfum umsækjanda í 1 mánuð.

Hver sá, er fær slíkan skammt, skal halda dagbók um notkun benzínsins og skrá þar hvenær og hve mikið benzín er látið í benzingeymi vélarinnar eða hvernig eytt á annan hátt. Enn fremur hve lengi vélin er í gangi daglega og að hvaða verki er unnið.

Skal umboðsmaður lögreglustjóra jafnan hafa frjálsan aðgang að dagbókinni, og skal hlíta leiðbeiningum hans um hvað og hvernig skrifa skuli í dagbókina.

Jafnan þegar send er umsókn um nýjan skammt, skal leggja fram dagbók þá, er greinir í fyrri málgrein.

#### 4. gr.

Óheimilt er að nota benzín til annarra þarfa en því er úthlutað til.

#### 5. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir útilátna skömmunarseðla samkvæmt reglum þessum.

Afrit af skránni skal þegar að loknu hverju skömmunartímabili senda til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ásamt samritum af öllum umsóknum um benzínskammt.

#### 6. gr.

Að öðru en því, sem að framan greinir, gilda ákvæði reglugerðar 18. febrúar 1943, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði 13. gr. reglugerðarinnar um sektir og málsmeðferð.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Öðlast þær gildi frá og með 23. marz 1943, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 47

18. marz

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Páll Pálmason.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Strandasýslu.

48

22. marz

### FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupsins og sveita.

#### I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að umferð tálmi.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, kemur saman á, eða æfluð eru til afnota fyrir almenning, svo sem torg, brýr, bryggjur, bólvirki, leikvelli, skeiðvelli og fjárréttir.

Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

##### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, zeppa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

##### 4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturro manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða hafast neitt það að, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

##### 5. gr.

Á fjölförnum götum, vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má enginn vera að leikjum, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindrað geta umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þau sleða, handvagn eða annað, sem valdið getur óþægindum eða hættu.